

EFTIRLITSSKÝRSLA



Matfugl - Hurðarbak Hurðarbak, Hvalfjarðarsveit

Dags eftirlits	17.11.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Matfugl - Hurðarbak	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Völuteigur 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	471103-2330	Flokkur	Þauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Tómas Jónsson	ÍSAT nr.	10.12.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sveinn V. Jónsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Matfugl að Hurðarbaki 17. nóvember 2025.

Rekstraraðili er með starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun þann 25. febrúar 2022 og gildir til 25. febrúar 2038.

Um er að ræða bú til framleiðslu á alifuglum og veitir starfsleyfið heimild til að halda 136.000 fugla á hverjum tíma.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi.

1. Niðurstöður síðasta eftirlits
2. Umfang starfseminnar, farið yfir starfsleyfi og minnt á skil skv. því
3. Áhættumat
4. Lyktarstjórnun, mælingar
5. Dreifing áburðar
6. Áætlanir
7. Kvartanir
8. Vettvangsferð
9. Fylgiskjöl

1. Þrjú frávik komu fram í eftirliti árið 2024 og ein ábending. Öllum frávikum hefur verið lokað og brugðist var við ábendingu.

2. Fjöldi fugla í búinu er stöðugur og undir 136.000. Heildarfjöldi fugla þegar eftirlitið fór fram voru 64 þúsund fuglar. Ársyfirliti og grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað inn 30. apríl 2025. Rekstraraðili er með umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi en ekki vottað. Engin lyf eru notuð í búinu. Einu efnin sem notuð eru eru hreinsiefni, engin spilliefni, allt skráð í græna bókhaldið.

3. Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

4. Matfugl sendi inn þann 30. apríl 2025 útreikninga á losun köfnunarefnis og fosfórs skv. BAT fyrir árið 2024. Samkvæmt útreikningunum fyrir árið 2024 er heildarlosun köfnunarefnis sem úrgangsefni 0,36 kg/stæði á ári sem er innan heimilaðra marka samkvæmt BAT.

Heildarlosun fosfórs sem úrgangsefni var 0,036 kg/stæði á ári sem er innan heimilaðra marka samkvæmt BAT. Framkvæma skal útreikninga eða efnagreiningu á heildarinnihaldi köfnunarefnis og fosfórs einu sinni á ári skv. BAT 24.

Matfugl sendi einnig inn þann 30. apríl 2025 útreikninga á losun ammóníaks skv. BAT fyrir árið 2024. Samkvæmt útreikningum fyrir árið 2024 er heildarlosun ammóníaks í andrúmsloftið 0,03 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT. Framkvæma skal útreikninga eða efnagreiningu á heildarinnihaldi ammóníaks í andrúmsloftið einu sinni á ári skv. BAT 25.

5. Rekstraraðili er með samninga við bændur um áburðardreifingu.

6. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs er til staðar. Trygging vegna bráðamengunar haf og stranda sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 er til staðar.

7. Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar frá síðasta eftirliti.

8. Farið var í skoðunarferð á Hurðarbak og aðstæður skoðaðar, engar athugasemdir voru gerðar í skoðunarferðinni að þessu sinni. Net var fyrir hauggeymslu.

9. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olfuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

ÁBENDINGAR

Engin ábending kom fram í eftirlitinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.12.2025

Auður Eyberg Helgadóttir